

sínum 27. maí 1880 (5. tölulið, b), sagt álit sitt um beiðnina sjálfa, áleit það nú eigi annað þurfa, en senda vitnisburðinn og meðmælinguna til landshöfðingja.

137

8. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dagsett 29. júní 1880; óskaði landshöfðingi þar álits amtsráðsins um meðfylgjandi brjef frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu og nokkrum öðrum merkjum mönnum þar þess efnis, að veittur yrði 200 kr. styrkur úr landssjóði Lindal nokkrum Jónatanssyni frá Kanada til þess að kynna sjer á Skotlandi og Englandi verkun og aðskilnað á ull. Amtsráðið varð að ráða frá því, að veita styrk til þessa, þar sem það eigi gat sjeð, að slíkt fyrirtæki gæti komið að tilætluðum notum, því fyrst væri það, að tóskaparmenn sem flestir aðrir iðnaðarmenn hjeldu aðferð sinni svo leyndri, að örðugt væri og enda ómögulegt fyrir óþekktan mann að fá að þekkja hana, og svo væri þess að gæta, að þótt Íslendingar þekktu aðskilnað og meðferð á ull í verksmiðjum, þá mundu þeir ekkert gagn hafa af því, til þess að gjöra ull sína útgengilegri sem verzlunarvöru, sem þó væri aðaltilgangur beiðanda.

9. Forseti lagði fram brjef, 10. júlí 1880, frá hjeraðslækni F. Zeuthen, er beiddist styrks handa stjúpdóttur sinni Alexöndru Vilhelminu Zeuthen til þess að læra smjör og ostgjörð erlendis. Amtsráðið gat eigi lagt til, að þetta yrði veitt.

19. Forseti lagði fram brjef, dagsett 22. marz 1881, frá oddvita sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, er fer þess á leit, að amtsráðið veiti meðmæli sín með því, að Jónas Guðmundsson fengi þóknun fyrir brunnagröpt af fje því, sem veitt er í 15. gr. fjárlaganna til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Amtsráðið gat ekki veitt hin umbeðnu meðmæli sín, með því fjárveiting þessi í fjárlögunum væri sjálfsagt bundin við þau vísindalegu og verklegu fyrirtæki, er framkvæmd væru á fjárhags-tímabilinu, en eigi sem verðlaun fyrir þau fyrirtæki, sem áður væru unnin.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Ár 1881, 21. dag janúarm. var fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, amtmanni Christjánssyni, með amtsráðsmönnum Arnlfjóti Ólafssyni og Einari Ásmundssyni.

138

Á fundinum voru tekin til meðferðar og nmræðu þau mál, sem hjer eru talin:

1. Var samin

Á ætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins í norður- og austuramtinu árið 1881.

Tekjur.

Kr. A.

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári:

Í óloknum jafnaðarsjóðsgjöldum 49 kr. „ a.

Peningar í sjóði 1270 — 74 - 1319 74

2. Niðurfjórðun á lausafjórðungi í umdæminu (c. 26,560) 14 a. á hvert 3718 40

Samtals 5038 14

Gjöld.

Kr. A.

1. Til kostnaðar við amtsráðið 150 „

2. — sáttamála 10 „

3. — heilbrigðismála 150 „

4. — menntunarmála (kvennaskóla og amtsbókasafnsins) 700 „

Flyt 1010 „

		Kr.	A.
	Flutt	1010	"
138	5. Til kennslu heyrnarlausra og mállausra	840	"
	6. — sjöttu afborgunar á skuld sjóðsins fyrir fangahúsbyggingar 2124 kr. 66 a.		
	og vextir af 21246 kr. 68 a.	849 — 87 —	2974 53
	7. — annara óvissra útgjalda		213 61
	Samtals	5038	14

2. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dagsett 15. oktbr. f. á., þar sem landshöfðingi óskaði álits amtsráðsins um fyrirspurn frá sýslunefnd Húnavatnssýslu um það, hvert vald sýslunefnd hafi og hverri aðferð hún eigi að beita gagnvart þeim jarðarabúanda, er eigi vill góðviljuglega viðhalda eða upptaka lögferju á þeim stað, er sýslunefndin hefur ákveðið.

Amtsráðið áleit, að það væri skylda sýslunefndarinnar samkvæmt 39. gr. í tilsk. 4. maí 1872, að öllum þeim lögferjum, sem verið hafa, sje við haldið í góðu og gildu ásigkomulagi, og engin þeirra sje niðurlögð, nema því að eins, að svo sjerstaklega stæði á, að ferjunnar gjörðist engin þörf framfar, t. a. m., ef ferjuvatnið yrði brúað, önnur ferja stofnuð þar, sem hentugri ferjustaður væri, eða þjóðvegi á einhvern hátt breytt svo, að hann lægi eigi framfar þar um, sem ferjan væri. En í öllum slíkum tilfellum bæri þó sýslunefndinni að fá samþykki amtsráðsins til að leggja hana niður. Vildi einhver jarðarabúandi, þar sem ferja hefir verið, eigi halda henni við, áleit amtsráðið sjálfsgagt, að hann ætti að sæta ákæru fyrir almennum lögreglurjetti, og verða skyldaður til að fullnægja fyriræmum landslaganna, landsleigubálks 45. kap. og konungsbr. 29. apríl 1776, 6. gr., undir tilhlýðilegar þvingunarsektir. Þegar sýslunefnd áleti það nauðsynlegt, að stofna nýja lögferju, þar sem hún eigi hefir verið áður, virtist amtsráðinu sanngjarnt, að ferjubátnum væri í fyrsta skipti komið upp á almennan kostnað, það er að segja af sýslusjóði, ef ferjan ætti að vera á sýsluvegi, og af hreppssjóði, ætti hún að vera á hreppsvegi. Ábúandi þeirrar jarðar, þar sem ferjan ætti að vera, væri síðan skyldugur til að viðhalda henni í góðu og gildu ásigkomulagi; skyldi hún tekin út við ábúandaskipti og gallar á henni bættir upp með hæfilegu ofanálagi. Yrði lögferja niðurlögð á einhverjum stað með samþykki amtsráðsins, virtist rjett, að verð ferjunnar rynnri aptur í sýslusjód eða hreppssjód.

3. Forseti framlagði brjef landshöfðingja, dagsett 13. oktbr. þ. á., þar sem landshöfðingi óskaði álits amtsráðsins um fyrirspurn sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um innheimtu á búnaðarskólagjaldi af brennisteinsnámum og eyðibýlum í Þingeyjarsýslu. Tjeður sýslumaður hafði áður í reikningi sínum yfir búnaðarskólagjald í sýslunni 1879 dregið frá upphæð gjaldsins 2. kr. 86 aura fyrir það ár, og ennfremur 9. kr. 8 aura fyrir fjögur ár þar á undan sem afborgað búnaðarskólagjald af brennisteinsnámum og nokkrum eyðijörðum; en á þessari upphæð, samtals 11 kr. 94 aurum, hafði amtsráðið á fundi sínum 2. ágúst f. á. álitid, að sýslumaðurinn ætti að standa skil.

Amtsráðið áleit nú sem fyrri, að ekkert jarðarhundrad í landinu væri undanþegið búnaðarskólagjaldi, er sá yrði að svara, er hefði rjett til að nota jörðina beinlínis, og gæti gjört það, ef hann vildi, þótt hann, ef til vill, um stundarsakir eigi neytti þessa rjettar síns. Hvað þá sjerstaklega viðviki hinum svokölluðu Hlíðar- Kröflu- og Fremrinámum, þá væru þeir, sem alkunnugt væri, leigðir af stjórnninni enskum manni, og væri leiguliðanum gjört að skyldu, að svara af þeim

sköttum, er leiguliða bærir að svara að lögum, en þar á meðal væri búnaðarskólalagjalðið. Þótt nú sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu mundi ekki eiga hægt með að ná til hins enska leiguliða, þá væri sú bót í máli, að stjórnin hefði tekið á móti talsverðu geymslufje af leiguliða, er stendur að veði fyrir gjaldinu af námunum og sköttum, er af þeim bærir að svara. Að þessu geymslufje hlyti að vera opinn aðgangur, þegar þannig væri, sem hjer er.

Hvað snerti þær þrjár jarðir í Svalbarðshrepp, Vatnsenda, Óttarstaði og Kollavíkursel, er sýslumaður segir að sjeu í eyði, og því ekki hægt að taka búnaðarskólalagjalð af, þá væri þetta að því leyti rjett, að á þessum jörðum væri nú eigi sjerstaklega búíð, eða bæjarhúsum við haldið. En þess bærir að gæta, að tvær af þessum jörðum væru hjáleigur, önnur frá Svalbarði og hin frá Kollavík, og munu því hjáleigur þessar eiga óskipt land úr heimajörðunum, sem notað væri af ábúendum þessara jarða. Væri það alltítt, að hjáleigur ýmist væru byggðar eða lagðar í eyði, en landið notað, hvort heldur sem væri. Hvað lögabýlið Vatnsenda snertir, þá var amtsráðinu kunnugt, að sú jörð væri, eptir að hún lagðist í eyði, seld af eiganda hennar sveitarfjelagi Svalbarðshrepps, sem nú ætti jörðina og notaði hana einkum fyrir afrjett. Amtsráðið áleit því vafalaust, að hreppsfelagið ætti að svara búnaðarskólalagjalði af Vatnsenda, en ábúendur Svalbarðs- og Kollavíkur af hinum áðurnefndu hjáleigum.

4. Þá kom til umræðu brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dagsett 6. dag f. m., þar sem sýslumaðurinn fer þess á leit við amtsráðið fyrir hönd sýslunefndarinnar, að 300 kr. sem á sínum tíma hafði verið varið til þjóðhátíðarhalds, mættu færast sýslusjóðnum til útgjalda, og samþykkti amtsráðið nú, að svo mætti vera.
5. Þar næst var rætt brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 14. f. m. um tillag úr landssjóði til fjallvegagjörðar á Öxnadalshéiði og Vaðlaheiði og annað dags. 20. þ. m. um 1000 kr. tillag til vegarins á austanverðu Siglufjarðarskarði. Amtsráðið var að öllu leyti samdóma sýslumanninum um tillögur hans um alla þessa vegi, og lagði ráðið það enn fremur til og mælti hið bezta fram með, að auk þeirra 3000 kr., sem stungið væri upp á til þessara áðurnefndu vega, yrði veittar á þessu ári af þeim 20000 kr., er fjárlögin ætluðu til fjallvega, 1000 kr. til eystri hlutans af Vaðlaheiðarveginum, 1500 kr. til vegarins yfir Mývatnsöræfi og Dimmafjallgarð og 1500 kr. til vegarins yfir Vestdalsheiði.
6. Kom þá til umræðu, hvort eigi skyldi þegar fara að stofna búnaðarskóla í amtinu af búnaðarskólalagjóðnum, og var samþykkt að skrifa öllum sýslunefndum í amtinu á þessa leið:

Búnaðarskólalagjóður norður- og austuramtsins, er stofnaður var með tilsk. 12. febr. 1872 átti í byrjun þ. á. 10640 kr. innstæðu, og mátti þá telja árstekjur hans 1560 kr., þar af um 1180 kr. í búnaðarskólalagjóðum, en hitt í vöxtum af leigufje sjóðsins. Amtsráðið áleit nú, að allir muni á eitt sáttir um það, að búnaðarskólar sjeu næsta nauðsynlegir til framfara búskap vorum, og því sje mjög óskilegt, að þeir geti komizt á fót svo skjótt sem verða má, enda er og sá tilgangur búnaðarskólalagjóðanna. En um hitt gæti orðið ágreiningur, hve nær hinn rjetti tími sje til kominn, og hvort það fullnægi tilganginum, að einungis sje stofnaður einn búnaðarskóli fyrir allt norður- og austuramtið, eins og tilsk. 12. febr. 1872 virðist einkum að ætlast til. Amtsráðið er nú þeirrar skoðunar, að það sje eigi að eins hentugt, heldur og í raun rjettir alveg nauðsynlegt, bæði sakir hinnar miklu víðáttu amtsins og hinna ólíku landskosta eða náttúrugæða jarðanna, enda í hverju hjeraði, Hinn 20. desember 1881.

að hugsað sje til að koma upp þrem búnaðarskólum hjer í umdöminu, einum fyrir Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, öðrum fyrir Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu og hinum þriðja fyrir báðar Múlasýslurnar. Skyldi þá skipta búnaðarskólasjóði amtsins upp á milli þeirra þriggja búnaðarskólahjæraða eptir sama jöfnuði, sem hvert þeirra hefði lagt í sjóðinn, og hvert hjærað síðan taka sitt búnaðarskólagjald, svo sem á sínum tíma yrði ákveðið með nýjum lögum. Amtsráðið hyggur nú tíma til kominn að hreifa málinu, og að það sje undirbúið, þar nú væru til lærðir búfræðingar að veita skólanum forstöðu og lærisveinum kennslu, og svo væri til í búnaðarskólasjóðnum talsvert fje til slíkra kennslustofnana. Ef nú skipt hefði verið sjóðnum 1. janúar þ. á., þá hefði Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur átt að fá nálega $\frac{2}{5}$ (nákvæmlega 39,4 af 100) en það er 4256 kr., Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur hjer um bil $\frac{2}{5}$ eða jafnmikið, og Múlasýsludeildin liðlega $\frac{1}{5}$ (nákvæmlega 21 af 100); en þær sýslur eiga aptur nægilegt fje í öskupeningunum. Ef nú landsjóðurinn legði skólunum jarðir, svo sem í orði hefir verið á sinn hátt með Hallormsstað fyrir austan, eða þá í þess stað tiltekna verðhæð, þá getur ráðið eigi betur sjeð, en að árstekjurnar með landsskuldinni mundi nægja til launa handa einum fóstum kennara og til tímakennslu, en innstæða sjóðsins verða nægileg til skólahúss og áhaldakaupa, nema í Múlasýsludeildinni, en þar eru aptur til öskupeningarnir. Að öðru leyti mun sýslunefndunum innanhandar, að taka lán til búnaðarskólanna, ef við þarf, og eins að styrkja þá af sýslusjóðnum, eða þá auka tillagið til skólanna með nýju lagabóði. Ef nú sýslunefndirnar væru amtsráðinu samdóma um aðalstefnuna, svo að þær vildu sinna málinu, þá mælist amtsráðið til þess, að fjelagssýslunefndirnar beri sig fyrst saman um öll aðalatriði málsins, svo sem hverja jörð skuli til kjósa, skipulag og stjórn búnaðarskólans o. s. frv., og riti svo síðan við fyrstu hentugleika um málið.

7. Forseti lagði fram brjef, dagsett 26. ágúst f. á. frá hreppsnefnd Berunesshrepps, þar sem hún ber sig upp um það, að sýslunefnd Suður-Múlasýslu hafi gjört hreppsnefndinni 3 króna sekt fyrir óreglu á fjallskilum. Amtsráðið áleit, að þetta mál gæti ekki komið undir sinn úrskurð, með því sýslunefndin hefði æðsta og síðasta úrskurðarvald í fjallskilamálum, og yrði því úrskurður sýslunefndarinnar í máli þessu óraskaður að standa.
8. Þrír hreppsnefndarmenn í Húnavatnssýslu höfðu skotið til amtsráðsins úrskurðum sýslunefndarinnar um það, að þeir gætu eigi skorazt undan að taka við kosningu. Amtsráðið áleit, að sýslunefndin hefði fullnaðarúrskurði um þessi efni eptir 8. gr. sveitarstjórnarlaganna, og að úrskurðum hennar í þeim yrði því eigi breytt af amtsráðinu.
9. Kom til umræðu brjef landshöfðingja, dagsett 29. júlí f. á., þar sem landshöfðingi leitar álits amtsráðsins um það, hvort Torfa búfræðingi Bjarnasyni í Ólafsdal ætti að leggja 250 kr. sem verðlaun fyrir að innleiða hjer á landi skotzku ljáina, af fje því, sem er ætlað til eflingar búnaði í þessu amti, og hafði amtsráðið ekki á móti því, að verðlaun þessi yrðu veitt.
10. Forseti amtsráðsins framlagði beiðni frá Eggerti verzlunarstjóra Laxdal, dagsett 20. þ. m., er fór fram á, að honum yrði sem umboðsmanni Hóla í Eyjafirði ljeður búfræðingurinn við Möðruvallaskólann ásamt piltum þeim, sem þar kynnu að iðka búfræði «í 6 til 10 daga að segja fyrir og vinna að vatnsveitingum á engjar og tún» tjeðrar jarðar, og í annan stað, að amtsráðið «ljái þar til hin nauðsynlegu

verkfæri frá Staðarbyggðarmýrunum». En með því amtsráðið hafði engin yfirráð yfir búfræðingnum nje námspiltum við Möðruvallaskólann, nje heldur nokkur umráð yfir jarðyrkjuverkfærunum frá Staðarbyggðarmýrum, þá gat amtið enga úrlausn veitt beiðni þessari.

138

11. Var þá tekið til umræðu bónarbrjef Magnúsar gullsmíðs Benjamínssonar á Akureyri, dagsett 14. oktbr. f. á., þar sem Magnús biður um, að sjer verði veittar 400 kr. af fje því, sem ætlað er til eflingar búnaði hjer í amtinu, til þess að nema erlendis verkjelasmiði. Amtsráðið mælti hið bezta með því, að Magnús fengi þann styrk, er hann hafði um beiðið.
12. Arnþór bóndi Árnason á Moldhaugum hafði með brjefi, dagsettu 18. júní f. á. beiðið um fjárveiting til að sljetta þýfi á túni sínu, og gjöra fleiri þess konar jarðabætur, en amtsráðið sá sjer eigi fært, að verða við beiðni þessari.
13. Samkvæmt fyrirmælum landshöfðingja skipti amtsráðið þeim 2000 kr., sem ætlaðar eru þessu amti árið 1880 til skipta milli búnaðarfjelaga og búnaðarsjóðsins, á þessa leið:

1.	Búnaðarfjellag Svinavatnshrepps	300 kr.
2.	— — Húnavatnssýslu	300 —
3.	Kynbótafjellag Skagfirðinga	200 —
4.	Framfarafjellag í Bøgisársókn	100 —
5.	— — í Hrafnagilshrepp	100 —
6.	— — í Saurbøjarhrepp	100 —
7.	— — í Öngulstaðahrepp	100 —
8.	— — í Grýtubakkahrepp	200 —
9.	— — í Fellnahrepp	100 —
10.	— — í Breiðdalshrepp	100 —
11.	Búnaðarsjóður sjálfs amtsins	400 —
Samtals		2000 —

14. Að síðustu samþykkti amtsráðið að greiða mætti, sem að undanförnu, 25 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir skriptir í þarfir amtsráðsins á árinu 1880.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Ár 1881, 24. dag maím., var fundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, amtmani Christjánssyni, með amtsráðsmönnum Arnljóti Ólafssyni og Einari Ásmundssyni.

139

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, sem hjer eru talin:

1. Voru yfirfarnir og úrskurðaðir sýslusjóðareikningar fyrir 1879 og gjörðar við suma þá nokkrar athugasemdir. Við sýslusjóð Suðurþingeyjarsýslu var það að athuga, að út úr reikningnum er sleppt sýslusjóðsgjaldi, 20 kr. 96 aurum, af brennisteinsnámunum, er jarðabókin 1861 telur með jarðeignum Helgastaðahrepps, en sem telja má víst að liggja innan takmarka Skútustaðahrepps, þótt nú hvorugur þessara hreppa vilji svara þessu gjaldi, þá væri enginn efi á því, að einhver ætti að greiða það, og þá engin heimild til að sleppa því, svo sem gjört væri, úr reikningnum, Amtsráðið áleit því, að þetta óheimta sýslusjóðsgjald ætti að telja með eptirstöðvum sjóðsins, en þar hjá leita hið skjótasta yfirvaldsúrskurðar um, af hverjum það ætti að heimta.